

Inngangur

Póstmarkaðurinn ehf. og Félag atvinnurekenda hafa falið Fjárstoð ehf. að vinna úttekt á þeim gögnum sem aðilar hafa aflað um samkeppnisrekstur Íslandspósts ohf. (ÍSP). Úttektin hefur m.a. það að markmiði að meta sjálfbærni rekstrarins og þá um leið hvort vísendingar séu um að hann sé niðurgreiddur af rekstri sem fellur undir einkarétt ÍSP.

Þau gögn sem úttektin byggir á eru opinber, m.a. ársskýrslur og ársreikningar ÍSP, ársreikningar dótturfélaga ÍSP, skýrsla sem ráðgjafafyrirtækið Expectus ehf. vann fyrir starfshóp á vegum fjármálaráðuneytisins um starfsskilyrði ÍSP og ákvarðanir, úrskurðir og fréttir af heimasíðu Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS).

Í minnisblaði þessu er að finna útdrátt úr úttektinni ásamt helstu niðurstöðum.

Ársreikningar Íslandspósts ohf.

Í ársskýrslu ÍSP er auk ársreikningsins að finna ávarp forstjóra og margvíslega umfjöllun um starfsemi félagsins á árinu.

Frá árinu 2007 hefur ÍSP birt ársreikninga sem unnir eru samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eins og þeir eru staðfestir af Evrópusambandinu¹. Staðlar þessir, sem í daglegu tali ganga undir nafninu IFRS, gera margvíslegar og mjög ítarlegar kröfur um uppbyggingu og framsetningu reikningsskila. Kröfur þessar koma til viðbótar við þær kröfur sem settar eru fram í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, reglugerð 313/2005 um bókhaldslega og fjárhaldslega aðgreiningu í rekstri póstrekenda og grein 7.03 í samþykktum félagsins. Til marks um auknar kröfur þá fór skýringahluti ársreiknings ÍSP úr 7 blaðsíðum árið 2006 í 16 blaðsíður árið 2007.

Töluvert skortir á að ársreikningar félagsins uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar. Hér er einungis tæpt á nokkrum atriðum.

Niðurbrot tekna og gjalda

Staðallinn *IAS 1 Presentation of Financial Statements* fjallar um framsetningu ársreikninga. Í IAS 1.29-31 er undirstrikað mikilvægi þess að sundurliða hina ýmsu þætti í reikningsskilum og að sundurliðun, eða skortur á henni, sé ekki notuð til að afvegaleiða lesandann. Þetta er í góðu samræmi við grein 7.03 í samþykktum félagsins þar sem segir m.a. að ársreikningur skuli sýna „skilmerkilega og ítarlega tekjur og gjöld fyrirtækisins, eignir þess og skuldir“.

- Í ársreikningi ÍSP eru rekstrartekjur einungis brotnar niður í tvo liði, þ.e. „Tekjur af póstþjónustu“ (6,4 ma.) og „Aðrar tekjur“ (1,2 ma.)². Hvergi er í ársreikningnum að finna skilgreiningu á því hvað fellur undir hvorn lið eða frekari sundurliðun.
- Rekstrargjöld eru brotin niður í liðina „Laun og launatengd gjöld“ (4,4 ma.), „Beinn kostnaður við póstdreifingu“ (1,5 ma.) og „Annar rekstrarkostnaður“ (1,4 ma.). Hvergi í ársreikningnum er að finna skilgreiningu á því hvað fellur undir hvern lið og einungis fyrsti liðurinn er brotinn frekar niður í skýringum.

¹ Hér er vísað til ársreikninga samstæðu, eins og þeir eru birtir í ársskýrslu.

² Upphæðir vísa í ársreikning samstæðu fyrir árið 2015

- Á sama tíma eru liðir eins og „Afskriftir“ (410 mkr.), „Fjármunatekjur“ (20 mkr.) og „Þóknanir til endurskoðenda“ (11 mkr.) sundurliðaðir í skýringum.

Vart er hægt að kalla þessa framsetningu „skilmerkilega og ítarlega“ og lesandi ársreikningsins hefur enga leið til þess að átta sig á vægi hinna einstöku þátta í rekstri félagsins og þá um leið áhrifum þeirra aðgerða sem stjórnendur félagsins hafa gripið til á undanförunum árum til að bregðast við samdrætti í þeirri starfsemi sem fellur undir einkarétt, þ.e. hefðbundinni póstpjónustu.

Starfsþáttayfirlit

Reglugerð 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekenda leggur ríkar skyldur á ÍSP um aðgreiningu tekna og kostnaðar í bókhaldi sínu. Í 12. gr. reglugerðarinnar eru skilgreindir fjórir starfsþættir og í 13. grein reglugerðarinnar er gerð krafa um gerð reikningsskila fyrir hvern starfsþátt.

Reglugerð 696/1996 fjallar um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Í 27. grein reglugerðarinnar er gerð krafa um skiptingu rekstrartekna eftir starfsþáttum ef þeir hafa veruleg áhrif í rekstri. Áhrif starfsþáttar eru m.a. talin veruleg ef hann stendur undir 10% eða meira af rekstrartekjum, 10% eða meira af hagnaði þeirra starfsþátta sem reknir eru með hagnaði eða 10% eða meira af tapi þeirra rekstrarþátta sem reknir eru með tapi.

Staðallinn *IFRS 8 Operating Segments* fjallar um starfsþáttayfirlit. Samkvæmt IFRS 8.2 er ÍSP ekki skylt að birta starfsþáttayfirlit. Af IFRS 8.3 má leiða að sé yfirlit yfir starfsþætti engu að síður birt verði það að uppfylla skilyrði staðalsins. IFRS 8.5-8.19 skilgreina nánar hugtakið starfsþátt. Þar er m.a. sambærileg skilgreining og er að finna í reglugerð 696/1996.

IFRS 8 gerir hins vegar umtalsvert meiri kröfur um upplýsingagjöf en reglugerðin. Í IFRS 8.23 er m.a. gerð krafa um skiptingu tekna í tekjur frá aðilum utan fyrirtækisins eða samstæðunnar annars vegar og tekjur innan fyrirtækisins eða samstæðunnar hins vegar og heildareignir og skuldir hvers starfsþáttar. Í IFRS 8.28 er svo gerð krafa um rekjanleika milli þeirra talna sem birtar eru fyrir starfsþætti og fyrirtækið í heild.


Með hliðsjón af lögum og reglugerðum, og ekki síður eðli og rekstrarumhverfi starfseminnar, má ætla að ÍSP sé skylt að birta starfsþáttayfirlit sem hluta af ársreikningi sínum. Með því að birta ársreikning sem unninn er samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðum aukast enn kröfur um framsetningu starfsþáttayfirlitsins.

Ársreikningur ÍSP innihélt starfsþáttayfirlit fram til ársins 2012. Árið eftir er starfsþáttayfirlitið fellt út en stað þess kemur umfjöllun um ákvörðun PFS nr. 18/2013 um úttekt á bókhaldslegum aðskilnaði og kostnaðarbókhaldi Íslandspóstis. Þar kemur einnig fram að ÍSP sé að vinna í úrbótum í samræmi við athugasemdir PFS. Svipaða umfjöllun er að finna í ársreikningi ÍSP fyrir árin 2014 og 2015. Ætla má að endurskoðendur ÍSP hafi gert athugasemdir við þetta brottfall starfsþáttayfirlitsins.

Í ársskýrslu ÍSP fyrir árið 2015 bregður hins vegar svo við að birtar eru upplýsingar um afkomu starfsþátta, sambærilega framsettar og á fyrri árum. Upplýsingarnar eru hins vegar ekki hluti af ársreikningnum sjálfum. Þetta kann að virðast smávægileg breyting en hafa verður í huga að upplýsingar í ársskýrslu, sem ekki eru hluti af ársreikningi, lúta ekki eftirliti endurskoðenda. Þá er lýsing á aðferðum við skiptingu í starfsþætti felld út, sem rýrir verulega upplýsingagildið.

Margvíslegar athugasemdir má gera við framsetningu á starfspáttayfirliti í ársreikningum og árs-skýrslum ÍSP.

- Félagið skilgreinir þrjá starfspætti, þ.e. „Einkaréttur innan alþjónustu“, „Samkeppni innan alþjónustu“ og „Samkeppni utan alþjónustu“. Er þetta að mestu í samræmi við kröfur í reglugerð 313/2005. Birtar eru rekstrartekjur og rekstrargjöld fyrir hvern starfspátt. Eftir að afkoma starfspáttanna er lögð saman er hins vegar skotið inn fjórða starfspættinum, „Eignarekstur“, og er einungis birt afkoma hans en ekki sundurliðun rekstrartekna og rekstrargjalda. Þetta kann að hljóma sem minniháttar yfirsjón en þegar tölur eru skoðaðar kemur í ljós að starfspátturinn „Eignarekstur“ hefur haft umtalsverð áhrif á rekstrarafkomu ÍSP frá árinu 2006³.
- Í starfspáttayfirlitinu er starfsemi Eignareksturs m.a. skilgreind sem reiknaðar tekjur vegna fastafjármuna og fjármagns, raun fjármagnsliðir ásamt áhrifum dótturfélaga⁴. Þessar reiknuðu tekjur eru hvergi sýndar í starfspáttayfirlitinu og því ómögulegt að átta sig á umfangi þeirra og áhrifum á afkomu annarra starfspátta, eða hvort útreikningur þeirra er byggður á eðlilegum forsendum.




Afkoma starfspátta á árunum 2006-2015 (mkr.)

- Af þessari skilgreiningu leiðir að rekstrartekjur og rekstrargjöld dótturfélaga eru færð á starfspáttinn „Eignarekstur“ en ekki „Samkeppni utan alþjónustu“ þrátt fyrir að starfsemi þeirra sé í öllum tilfellum í samkeppnisrekstri utan alþjónustu og þau falli því undir skilgreiningu síðarnefnda starfspáttarins.

³ Fyrsta árið sem samkeppni innan alþjónustu er sérgreind frá samkeppni utan alþjónustu.

⁴ Eins og það var birt fram til ársins 2012. Þar sem annað er ekki tekið fram í ársskýrslu eða ársreikningi verður að ætla að sömu skilgreiningar eigi við í dag.

- Þessi framsetning er mjög villandi, sérstaklega í ljósi þess hversu oft málefni félagsins hafa lent á borðum samkeppnisyrivalda og hversu mikil umræða er um afkomu af rekstri sem fellur undir einkarétt annars vegar og samkeppnisrekstri hins vegar. Samtals skilaði rekstur dótturfélaga ÍSP tapi upp á 352,5 mkr. á árunum 2008-2014 og ætla má að umtalsvert tap hafi einnig verið á árinu 2015.




Afkoma af samkeppni utan alþjónustu á árunum 2006-2014 (mkr.)

- Í svari innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Willum Þór Þórssyni, sem birt er á heimasíðu Alþingis, kemur fram að á árunum 2007-2012 færði ÍSP „leiðréttingafærslur“ sem höfðu þau áhrif að færa rekstrargjöld frá „Samkeppni innan alþjónustu“ og „Samkeppni utan alþjónustu“ yfir á „Einkaréttur innan alþjónustu“⁵. Í ákvörðun PFS nr. 18/2013 kemur fram að þessar tilfærslur byggji á mati stjórnenda, og gagnrýnir PFS þá aðferðafræði og skort á rökstuðningi.
- Samkvæmt svarinu námu þessar færslur 190-315 mkr. á ári, þ.e. árlegur rekstrarkostnaður „Einkaréttur innan alþjónustu“ var sýndur hærri sem þessari upphæð nemur með samsvarandi lækkun rekstrarkostnaðar hjá hinum starfspáttunum. Athygli vekur að upplýsingar um matskenndar tilfærslur af þessari stærðargráðu milli rekstrarþátta sé hvergi að finna í ársreikningum ÍSP.
- Þessar tilfærslur eru rökstuddar með sk. alþjónustukvöð eða alþjónustubyrði, þ.e. kostnaði sem fellur á ÍSP vegna þess að félaginu er skylt að veita tiltekna þjónustu á landsvísu á jafnréttisgrundvelli, án þess að hafa til þess einkarétt. Í 16. gr. laga 15/2002 um pósthjónustu er opnað á þann möguleika að tekjur af þjónustu í einkarétti séu notaðar til að niðurgreiða þjónustugjöld í alþjónustu utan einkaréttar. Með því að aðgreina þessar tilfærslur ekki í starfspáttayfirliti er birt villandi mynd af afkomu starfspáttanna auk þess sem eðli málsins samkvæmt ættu þær ekki að ná til samkeppni utan alþjónustu.

⁵ Sjá <http://www.althingi.is/altext/145/s/1241.html>.

- Í svari ráðherra kemur fram að þessum færslum hafi verið hætt 2013. Það stangast á við frétt sem birt er á heimasíðu PFS í mars 2016 um bókhaldslegan aðskilnað Íslandspósts vegna árána 2013 og 2014, en þar segir m.a. að „í gjöldum einkaréttar er meðtalinn sá kostnaður sem einkarétti er heimilt að greiða niður vegna alþjónustu sem ekki fellur undir einkarétt“. Í fréttinni er vísað í ákvörðun PFS nr. 17/2015 þar sem leiddar eru að því líkur að þessi kostnaður geti verið allt að 300 mkr., sem er í samræmi við tilfærslur fyrri ára.



Leiðrétt afkoma starfsþátta á árunum 2006-2015 (mkr.)⁶

- Samkvæmt áðurnefndri lýsingu á „Eignarekstur“ þá samanstendur afkoma starfsþátta af þremur liðum, þ.e. reiknuðum tekjum, fjármagnsliðum og afkomu dótturfélaga. Sundurliðun er ekki birt en hana má finna með því að lesa saman ársreikninga samstæðu og móðurfélags.
- Samkvæmt því hafa reiknaðar tekjur vegna fastafjármuna og fjármagns sveiflast töluvert milli ára frá árinu 2006, og aukast mikið í kjölfar athugasemda í ákvörðun PFS nr. 18/2013. Til þess að setja þessar tölur í samhengi má nefna að bókfært virði rekstrarfjármuna ÍSP var 2,2 ma. í árslok 2006 en hafði hækkað í 3,3 ma. í árslok 2014 og vaxtaberandi skuldir hækkuðu úr 853 mkr. í 1.386 mkr. á sama tíma.

Í mkr.	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Reiknaðar innri tekjur	123,2	260,5	316,3	248,3	200,1	253,8	192,5	424,5	419,6
Fjármagnsliðir	56,2	-22,0	-137,5	-137,6	66,6	-108,7	-112,3	-141,5	-110,7
Afkoma dótturfélaga	0,0	0,0	-62,6	-65,5	-50,2	-37,4	-3,2	-58,8	-75,0
Afkoma eignarekstrar	179,4	238,5	116,2	45,3	216,5	107,7	77,0	224,2	233,9

Samsetning afkomu eignarekstrar árunum 2006-2014 (mkr.)

- Engin tilraun er gerð til að rekja mismun milli heildarrekstrartekna og rekstrargjalda starfsþátta annars vegar og rekstrartekna og rekstrargjalda samkvæmt ársreikningi hins vegar, sem gerir túlkun talnanna erfiðari og samræmist ekki kröfum IFRS 8.

⁶ Hér er gert ráð fyrir því að árlegar tilfærslur kostnaðar yfir á „Einkaréttur innan alþjónustu“ hafi haldið áfram árunum 2013-2015.

Eins og þessar athugasemdir gefa til kynna þá uppfylla starfsþáttayfirlit í ársreikningum ÍSP, þar sem þau eru yfirhöfuð birt, ekki kröfur sem til þeirra eru gerðar í reglugerðum og alþjóðlegum reiknings-skilastöðlum.

Framsetning er ógagnsæ og oft og tíðum beinlínis villandi. Verður þetta að teljast sérstaklega óheppilegt í ljósi þeirrar áherslu sem lögð er á mikilvægi bókhaldslegrar og fjárhagslegrar aðgreiningar í rekstri ÍSP.

Fjármögnun samkeppnisrekstrar

Í 16. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu kemur fram að óheimilt sé að nota tekjur af þjónustu í einkarétti til að greiða niður þjónustugjöld í alþjónustu sem ekki fellur undir einkarétt nema að sérstökum skilyrðum uppfylltum. Ekki er tekið á því sérstaklega í lögunum en af þessu má leiða að einnig sé óheimilt að nota tekjur af þjónustu í einkarétti til að greiða niður þjónustugjöld utan alþjónustu, þ.e. hreinan samkeppnisrekstur.

Samkeppnisrekstur í dótturfélögum

Í ársreikningum móðurfélagsins er að finna lágmarksupplýsingar um viðskipti við dótturfélög, en mjög mikilvægt er að þau séu byggð á armslengdarsjónarmiðum til þess að þau uppfylli kröfur 16. gr. laga nr. 19/2002.

Þó má sjá af ársreikningum móðurfélagsins að á árunum 2013-2014 veitti ÍSP rúmlega 300 mkr. í vaxtalaus lán til nýstofnaðs dótturfélags, ePósts ehf., á sama tíma og ÍSP tók ný vaxtaberandi langtímalán upp á 250 mkr. sökum veikrar lausafjárstöðu. Það má því færa rök fyrir því að dótturfélagið hafi verið fjármagnað með vaxtaberandi láni en fjármagnskostnaðurinn skilinn eftir hjá móðurfélaginu.

Á árunum 2013-2014 voru innlánsvextir Seðlabanka Íslands að meðaltali 4,98%, en vextir þessir mynda ákveðið gólf fyrir útlánsvexti bankanna. Ætla má að fyrirtæki í sambærilegum rekstri og stöðu og ePóstur, þ.e. fyrirtæki í taprekstri og án veðhæfra eigna, þyrfti að greiða a.m.k. 5-8% álag ofan á þá vexti. Sé miðað við neðri mörkin er eðlilegt að reikna með því vaxtagjöld á láni ÍSP til ePósts hefðu átt að vera a.m.k. 9,98%.


Í ársreikningum ePósts kemur fram að fjárfest hafi verið fyrir a.m.k. 187 mkr. í upphafi árs 2013. Sé gengið út frá því að skuld við ÍSP hafi aukist jafnt og þétt frá þeim tímapunkti samsvarar þetta 54,7 mkr. meðgjöf frá móðurfélaginu á árunum 2013-2014 og ætla má að a.m.k. 30 mkr. hafi bæst við á árinu 2015.

Þrátt fyrir áður nefnt vaxtalaust lán skilaði rekstur ePósts tapi upp á samtals 168 mkr. fyrir skatta á árunum 2013-2014. Félagum er heimilt að reikna skatteign vegna nýtanlegs taps ef ætla má að hún nýtist innan fyrningartíma. Athyglisvert er að á árunum 2013-2014 er skatteign ekki reiknuð, sem er skýr vísbending um það að stjórnendur félagsins sjá ekki fyrir endann á taprekstrinum⁷.

⁷ Ársreikningi fyrir árið 2015 hefur ekki verið skilað.

Í ársreikningi móðurfélags fyrir árið 2014 má einnig sjá að dótturfélögin Samskipti ehf. og Trönur ehf. hafa safnað upp viðskiptaskuldum við móðurfélag upp á 36 mkr. en ÍSP seldi þeim vörur og þjónustu fyrir 17,1 mkr. á árinu og keypti af þeim vörur og þjónustu fyrir 18,3 mkr. Þarna er því í raun um dulda vaxtalaus fjármögnun að ræða, en telja verður ólíklegt að öðrum viðskiptavinum ÍSP standi til boða sambærileg viðskiptakjör.

Rekstur dótturfélaga ÍSP hefur frá upphafi verið erfiður. Hefur hann raunar skilað samfelldu tapi frá árinu 2008 og nemur það samtals 352 mkr. á tímabilinu 2008-2014, þrátt fyrir ýmiskonar meðgjöf⁸. Ætla má að enn hafi bæst í tapið á árinu 2015, einkum vegna þungs rekstrar ePósts. Við þetta má bæta rúmlega 130 mkr. afskrift á viðskiptavild sem myndaðist vegna kaupa á dótturfélögum.



Tap af rekstri dótturfélaga á árunum 2008-2014 (mkr.)


Neikvæð áhrif fjárfestinga í dótturfélögum á afkomu ÍSP á árunum 2008-2015 eru því a.m.k. 5-600 mkr., en á sama tíma hefur afkoma samstæðunnar verið neikvæð um 107 mkr. Er þetta sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að dótturfélögin eru, eins og áður sagði, öll í samkeppnisrekstri utan alþjónustu.

Af þessu er ljóst að fjármögnun samkeppnisrekstrar í dótturfélögum ÍSP kemur frá móðurfélaginu.

Samkeppnisrekstur innan móðurfélagsins

Eins og fram hefur komið í umfjöllun hér að ofan er illmögulegt að átta sig á afkomu einstakra starfsþátta hjá ÍSP með því að lesa ársreikninga félagsins. Þær tölur sem þar er að finna sýna þó ljóst að orsakir slæmrar afkomu ÍSP er ekki að finna í starfsemi í einkarétti.


⁸ Eldri ársreikningar móðurfélags liggja ekki fyrir og því erfið að nálgast eldri tölur. Þá hefur ársreikningi ePósts fyrir árið 2015 ekki verið skilað og því liggja tölur þess árs ekki heldur fyrir.



Afkoma fyrir skatta af einkarétti og Íslandspósti í heild (mkr.)

Samkvæmt starfsþáttayfirliti í ársreikningum ÍSP hefur samkeppnisrekstur innan móðurfélags verið rekinn með tapi nánast samfelld frá árinu 2000. Einu undantekningarnar eru árin 2006-2007 og 2009-2010.

Á árunum 2000-2005 mátti þó sjá góða stígandi í rekstrinum og augljóst að aðgerðir stjórnenda höfðu áhrif til hins betra. Á árinu 2006 breytist aðferðafræðin við framsetningu starfsþáttayfirlitsins og batnar afkoma af samkeppnisrekstrinum umtalsvert við það. Leiða má að því líkur að afkomubatin tengist matskenndum millifærslum á kostnaði frá samkeppnisrekstri til rekstrar sem tilheyrir einkarétti. Staðfest hefur verið að árlegar millifærslur námu 190-315 mkr. á árunum 2007-2012.




Afkoma af samkeppnisrekstri innan móðurfélags 2000-2015 (mkr.)

Árið 2011 fer hins vegar að síga aftur á ógæfuhliðina og afkoma af samkeppnisrekstri versnar umtalsvert.

Frá árinu 2006 hefur afkoma af samkeppnisrekstri innan alþjónustu verið aðgreind frá öðrum samkeppnisrekstri. Fram til ársins 2013 var nokkuð góð fylgni milli þessara þátta, en þá skilja leiðir.

Starfsþáttayfirlit fyrir árin 2013-2015 eru ekki birt fyrir en í ársskýrslu fyrir árið 2015. Þar er þess ekki getið að ÍSP hefur gert töluverðar breytingar á aðferðafræði við útreikninga á afkomu einstakra starfsþátta. Það kemur hins vegar fram í ákvörðun PFS nr. 2/2015. Fram til ársins 2012 byggði starfsþáttayfirlitið á verkgrunduðum kostnaðarreikningi (e. Activity Based Costing eða ABC) en frá og með 2013 er stuðst við langtíma meðaltals viðbótarkostnað (e. Long-Run Average Incremental Cost eða LRAIC).




Afkoma af samkeppnisrekstri innan og utan alþjónustu 2006-2015 (mkr.)

Á árinu 2013 hækka rekstrarkostnaður innan alþjónustu um rúmlega 700 mkr. á sama tíma og tekjur hækka um rúmlega 100 mkr. sem leiðir til mjög versnandi afkomu. Rekstrarkostnaður utan alþjónustu lækkar hins vegar um rúmlega 370 mkr. meðan tekjur standa í stað. Engin tilraun er gerð til að skýra þessar breytingar á afkomu, sem þó er full ástæða til.

Megi rekja þessa miklu breytingu á afkomu starfsþátta til upptöku nýrrar aðferðafræði hefði verið eðlilegt að uppreikna og endurbirta tölur fyrri ára (a.m.k. 2012) til samanburðar. Einnig vakna þá upp spurningar um vikið niðurstaðna samkvæmt þessum aðferðafræðum og hversu mikið svigrúm notendur þeirra hafa til að hafa áhrif á niðurstöðurnar með vali á hentugum skilgreiningum eða viðföngum. Rétt er að benda á í því samhengi að reiknuð alþjónustubyrði ÍSP fór úr 300 mkr. þegar ABC var í notkun í 1.191 mkr. eftir upptöku LRAIC.

LRAIC/LRAIC aðferðafræði er útbreidd innan geira sem lúta eftirliti opinberra aðila vegna samkeppnis-sjónarmiða. Aðferðafræðin sem slík er ekki umdeild, þó hún sé ekki gallalaus, en mikilvægt að valin útfærsla læsi ekki inni það samkeppnisforskot sem fjárfestingar síðustu ára hafa tryggt ákveðnum starfsþáttum. Þar sem aðferðafræðin byggir á útreikningum á viðbótarkostnaði vegna nýrrar vöru eða þjónustu er einnig lyklatríði að grunnþjónustan sé rétt (og þröngt) skilgreind.

Sé tekið tillit til afkomu dótturfélaga, sem í raun tilheyrir samkeppnisrekstri, og lítt rökstuddar og matskenndar tilfærslur stjórnenda á rekstrarkostnaði frá samkeppnisrekstri til rekstrar í einkarétti teknar út, versnar myndin af afkomu samkeppnisrekstrarins enn frekar.




Tap af samkeppnisrekstri (ma.)

Samkeppnisrekstur ÍSP hefur skilað a.m.k. 3,1 ma. tapi á síðustu 5 árum. Þá er ekki tekið tillit til þeirrar meðgjafar sem taprekstur dótturfélaga hefur fengið í gegnum vaxtalaus fjármögnun, en hún nemur tugum milljóna. Það er mat stjórnenda ÍSP að af þessu tapi megi rekja 1,5 ma. til alþjónustukvaðar félagsins, þó þær tölur hafi verið dregnar í efa, m.a. af PFS⁹. Hver svo sem reiknuð alþjónustukvöð er situr eftir gríðarlegt tap af samkeppnisrekstri ÍSP, og ljóst er að hann er ekki sjálfbær.

Nýting rekstrarfjármuna

Í árslok 2015 var 61% af heildareignum ÍSP í formi rekstrarfjármuna, þ.e. lóða, fasteigna, bifreiða og tækja. Bókfært virði rekstrarfjármuna jókst úr 2,2 ma. í lok árs 2000 í 3,3 ma. í lok árs 2015. Hefur nettó fjárfesting í rekstrarfjármunum numið um 300 mkr. á ári frá árinu 2000. Þar sem reksturinn hefur ekki staðið undir þessari fjárfestingu hefur skuldsetning ÍSP aukist umtalsvert, og hafa vaxtaberandi skuldir farið úr 630 mkr. í 1.810 mkr. á sama tíma.



Nettó fjárfesting í rekstrarfjármunum (mkr.)


⁹ Hér er tekið tillit til staðfesta millifærsla í starfsþáttayfirlitum 2011-2012 og áætlaðra millifærsla 2013-2015.

Ársreikningar ÍSP gefa engar vísbendingar um það hvernig nýting rekstrarfjármuna skiptist milli starfsþátta. Af umfjöllun í ársskýrslum félagsins má þó ráða að fjárfestingar í rekstrarfjármunum megi einkum rekja til samkeppnisrekstrar, þar sem mest ber á rekstrarfjármunum sem miðaðir eru við vöruflutninga frekar en pósthlutninga. Í skýrslu stjórnar í ársreikningi 2006 er félaginu raunar lýst sem „dreifingarfyrtæki sem sinnir meðal annars pósthreifingu og flutningastarfsemi“.

Samræmist það því sem fram kemur í ársskýrslunum að magn pósthlutninga í einkarétti dragist ört saman, eða úr 57-58 milljónum bréfa á árinu 2000 í 26 milljónir bréfa á árinu 2015. Þetta samsvarar því að pósthlutningar í einkarétti hafi dregist saman úr 2.320 tonnnum á árinu 2000 (8,9 tonn á dag) í 1.040 tonn á árinu 2015 (4 tonn á dag)¹⁰. Til þess að setja þetta í samhengi þá er burðargeta algengrar gerðar sendibifreiða um 0,8-1,4 tonn¹¹. Á sama tíma hefur vegakerfið batnað, hlutfall íbúa á höfuðborgarsvæðinu af heildaríbúafjölda hækkað o.s.frv. Það er því ekki augljós þörf innan einkaréttar á sífellt stærri og fullkomnari dreifingarmiðstöðvum og stækkandi bílaflota.

Í svari innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Willum Þór Þórssyni kemur fram að reiknaðar tekjur starfsþáttarins eignarekstrar vegna nýtingar fastafjármuna og fjármagns voru 414 mkr. á árinu 2014. Hvergi er að finna upplýsingar um forsendur þeirra útreikninga en í svarinu er birt skipting þeirra milli starfsþátta.

Heildareignir ÍSP voru um 4,8 ma. á árinu 2014. Þar af voru fastafjármunir og viðskiptakröfur 4,2-4,4 ma. Sé miðað við neðri mörkin, og fjárbindingu í fastafjármunum og viðskiptakröfum skipt á rekstrarþætti í sömu hlutföllum og reiknuðu tekjunum, þá kemur í ljós að 1,3 ma. er nýttur í einkarétti og 2,9 ma. í samkeppnisrekstri, þar af einungis 275 mkr. í samkeppnisrekstri utan alþjónustu.



Til þess að setja þessar 275 mkr. í samhengi er rétt að rifja upp að vaxtalaus lán til dótturfélaga í samkeppnisrekstri utan alþjónustu námu a.m.k. 300 mkr. í árslok 2014. Þessar tölur virka því ekki trúverðugar.

¹⁰ Hér er miðað við að meðalþyngd bréfs sé 40g, sem er ríflega áætlað.

¹¹ T.d. Toyota Proace eða Volkswagen Transporter

Óhjákvæmilegt er að þeir rekstrarfjármunir sem nýttir eru í pósthlutninga í einkarétti þarfnist endurnýjunar. Augljóst er þó að fjárfestingar í rekstrarfjármunum hafa í auknum mæli stutt við sókn á samkeppnismörkuðum, á sama tíma og sá rekstur er rekinn með umtalsverðu tapi og því ekki aflögufær.

Niðurgreiðsla einkaréttar á samkeppnisrekstri

Eins og áður hefur verið minnst á skortir verulega á gagnsæi í ársreikningum ÍSP. Það er þó ljóst af öllu að samkeppnisreksturinn hefur verið þungur baggi á félaginu.

Afkoma og reikningar dótturfélaga bera það með sér að rekstur þeirra hefur verið fjármagnaður af móðurfélaginu á sama tíma og samkeppnisrekstur innan móðurfélagsins er rekinn með umtalsverðu tapi. Það er því ljóst að fjármögnun samkeppnisrekstrar, hvort heldur er innan eða utan móðurfélagsins, kemur í raun frá starfsemi í einkarétti eða verið er að ganga á eigið fé ÍSP, sem byggt hefur verið upp af þeirri starfsemi í gegnum tíðina.

Draga má í efa að það samræmist 16. gr. laga 19/2002 um pósthjónustu.

Niðurstöður

Eðlilegt er að gera miklar kröfur til ÍSP hvað varðar upplýsingagjöf, jafnvel umfram það lágmark sem lög og reglur setja félaginu. Í ársreikningum félagsins má hins vegar finna fjölmörg dæmi þess að mikilvægum og jafnvel lögboðnum upplýsingum sé haldið eftir, eða framsetning svo villandi að svo gæti virst sem um ásetning sé að ræða.

Þær upplýsingar sem ÍSP birtir um rekstur sinn eru því ekki til þess fallnar að skapa það traust sem nauðsynlegt er til að skapa fyrirtækinu starfsfrið. Með því að púsla saman upplýsingum úr ýmsum áttum, m.a. úr gögnum PFS, má þó sjá ófullkomna en engu að síður afdráttarlausu mynd af hinum ýmsu rekstrarþáttum.

Augljóst er að mikill og viðvarandi taprekstur er af samkeppnisrekstri ÍSP, hvort sem er innan móðurfélagsins eða í dótturfélögum þess. Þrátt fyrir mikinn samdrátt í starfsemi innan einkaréttar er ekkert lát á fjárfestingum í rekstrarfjármunum, sem virðast að miklu leyti taka mið af þörfum samkeppnisrekstrarins.

Samkeppnisrekstri ÍSP er því haldið á floti með aðgangi að fjármagni og eigin fé sem rekja má til rekstrar sem fellur undir einkarétt. Slíkt getur vart samræmst 16. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu.